

Mengunarvarnir og eftlit Bikstöð, Óseyrabraut

Frárennsli og olíuskilja

Frárennsli er leitt í gegnum viðurkennda olíu- og sanskilju. Tekin eru sýni úr skiljunni árlega til þess að rannsaka magn svifagna og olíu. Kerfið er hreinsað 1-2 á ári, eða eftir þörfum.

Lekaprær

Mengunarvarnir uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Veggir í þróum umhverfis asfaltgeyma eru steiptir. Þróarbotn er uppbyggður af vel þjappaðri grús með malarlagi yfir. Regnvatn úr þró verður losað um niðurföll sem tengd verða sand- og olíuskilju. Komið verður fyrir loka við þróarvegg sem eingöngu verður opin undir eftirliti. Þró umhverfis bikþeytu, íblöndunar og daggeyma er með steiptum hliðum og vökva heldum botni. Þróin er staðsett við hlið asfaltþróa eins og uppdrættir sýna. Regnvatn úr þróinni er losað um niðurföll sem tengt er sand- og olíuskilju. Loki er á lögninni utan við þróarvegg og er hann eingöngu opin undir eftirliti. Niðurföll á steiptu afgreiðsluplani og gólfum inni í stöðvarhúsi eru einnig tengd við olíuskilju. Stærð og gerð sand- og olíuskilju er samkvæmt ÍST 858 og “Leiðbeiningum um olíuskiljur”, 3. útgáfu frá UST.

Almennt eftirlit

Gæðastjórnunarkerfi

Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf er með vottað gæðastjórnunarkerfi vottað samkvæmt ISO 9001 kröfustaðlinum. Það gildir einnig um starfsemi í olíubirgðastöð. Hluti af innra eftirliti bikstöðvar er samkvæmt kröfum fyrrnefnds staðals, innri úttektir framkvæmdar af aðilum innan MHC og ytri úttektir sem vottunaraðili sér um, British, Standard Institution, BSI. Allar ábendingar og kvartanir eru skráðar auk frábrigða.

Umhverfisstjórnunarkerfi

Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 staðlinum og hefur verið vottað frá 2017. Vottunin nær yfir alla starfsemi fyrirtækisins, þar með talið bikstöðina. Fyrirtækið tekur út umhverfismál sérstaklega og vinnur að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála. Öll umhverfisóhöpp eru skráð og unnið að úrbótum samkvæmt verklagsreglum MHC.